

Skipulagsstofnun
b.t. Jóhönnu Hrundar Einarsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2022
UST202210-205/A.Þ.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matsskyldufyrirspurn - aukning á framleiðslu – Fiskeldið Haukamýri ehf.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 24. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Starfsemin og breyting á henni er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. 2. tl. viðauka II laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Framkvæmdarlýsing

Fiskeldið Haukamýri ehf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) hefur starfsleyfi sem heimilar árlega framleiðslu á 450 tonnum samanlagt af bleikju og laxaseiðum í eldiskerjum á landi. Áform eru um að stækka stöðina og sækja um heimild fyrir 850 tonna hámarkslífmassa af laxfiskum á hverjum tíma, nánar tiltekið seiðaeldi á bleikju, laxi og regnbogasilungi og matfiska- og seiðaeldi á bleikju.

Núverandi lóð er 19,3 ha en vegna fyrirhugaðrar stækkunar er nú í auglýsingu deiliskipulag fyrir samtals 3,8 ha svæði.

Umhverfisáhrif framkvæmdar

Í tilkynningarskýrslu eru metin áhrif framkvæmdarinnar á umhverfisþættina jarðmyndanir, vernd, sjónræn áhrif, hljóðvist, gróður, dýralíf, viðtaka, villta laxfiskastofna, útivist og upplifun.

Niðurstaða rekstraraðila er að heildaráhrif af völdum stækkunarinnar verði óveruleg á umhverfið. Þó kemur fram að möguleg neikvæð umhverfisáhrif eru talin vera á útivist og upplifun þeirra sem um svæðið fara.

Frárennsli

Frárennsli frá eldisstöðinni fer um eina lögn sem lögð er niður að bakkanum og rennur þar niður í fjöru. Reynt hefur verið að leiða lögn frá eldisstöðinni niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð í samræmi við 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp en lagnirnar hafa ekki staðist álagið. Umhverfisstofnun bendir á að ef ómögulegt reynist vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar þá er heimilt að leggja til aðrar lausnir sem heilbrigðisnefnd metur fullnægjandi.

Fram kemur að komið verði fyrir fyrsta stigs hreinsun í frárennsli, aðstöðu til að þykkja seyruna auk geymslurýmis fyrir seyr.

Í eftirliti Umhverfisstofnunar með starfseminni árið 2021 voru 100-150 fuglar í fjöruborðinu við útrásina og var rekstraraðila bent á að reyna að halda fugli í skefjum. Nú er fyrirhugað að bæta við hreinsun á frárennsli og telur stofnunin að það geti minnkað þann fjölda fugla sem sækja í æti við útrásina.

Úrgangur

Fram kemur að allar aukaafurðir við eldi og vinnslu verði áfram seldar í gæludýrafóður en magn þeirra geti verið á bilinu 30-90 tonn á mánuði. Frárennsli er hreinsað og gert er ráð fyrir að 400 tonn af fastefnum falli til á ári sem nýtt verða m.a. til uppgræðslu í sveitarfélaginu eða fargað á viðurkenndum förgunarstað.

Umhverfisstofnun telur afar jákvætt að endurnýta skuli allan úrgang eins og kostur er og bendir á að samkvæmt nýrri stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum¹ er stefnt að því að banna alfarið urðun lífbrjótanlegs úrgangs.

Vistgerðir

Umhverfisstofnun bendir á að á svæði norðaustan megin við núverandi lóð, þar sem fyrirhugað er að bæta við byggingum sem tengjast eldinu eru vistgerðir með hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar, þ.e. víðikjarrvist, starungsmýravist og snarrótarvist. Umhverfisstofnun bendir á að þar getur verið ríkt fuglalíf. Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Því er mikilvægt að rask sé lágmarkað eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að byggingarreitir séu afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins.

Niðurstaða

Með tilliti til umfangs og eðlis framkvæmdar, að því gefnu að starfsemin muni uppfylla þau skilyrði sem sett verða í breyttu starfsleyfi og sé byggð á bestu aðgengilegu tækni, telur Umhverfisstofnun að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

¹ [https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/1_att_ad_hringrasarhagkerfi%20-%20Copy%20\(3\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/1_att_ad_hringrasarhagkerfi%20-%20Copy%20(3).pdf)